

**Nd.**

**416. Breytingartillaga**

[189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1980, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, vera frádráttarbær, þó að hámarki 3 000 000 gkr. (30 000 nýkr.). Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra. Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.